

AUGLÝSING

um gjald fyrir birtingu efnis í B-deild Stjórnartíðinda.

Ákveðið hefur verið að greitt skuli gjald fyrir birtingu efnis í B-deild Stjórnartíðinda.

Lágmarksgjald fyrir birtingu efnis allt að einni blaðsíðu er kr. 3 500,00.

Fyrir hverja byrjaða síðu umfram fyrstu síðu greiðist kr. 3 500,00.

Fyrir efni sem sérstaklega er óskað eftir að birt sé í aukaútgáfu skal greiða með 50% álagi á framangreint gjald.

Fyrir efni sem sent er til birtingar fullfrágengið, þ. e. sett í ríkisprentsmiðjunni Gutenberg og prófarkalesið, er veittur 40% afsláttur.

Sé efni skilað á disklingi sem unnt er að vinna af í setningartölvu ríkisprentsmiðjunar Gutenberg er veittur 20% afsláttur.

Gjaldskrá þessi tekur til efnis sem birta á í B-deild 1988 og öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 28. desember 1987.